

**118. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Grundaskóla,
3. desember 2019 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Sigrún Þorbergsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1910130 - Starfsáætlun grunnskólanna 2019 - 2020

Skólastjóri Grundaskóla kynnrir starfsáætlun Grundaskóla starfsárið 2019 - 2020.
Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjórnenda Grundaskóla og Sigrún Þorbergsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara í Brekkubæjarskóla sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðs þakkar Sigurði Arnari skólastjóra Grundaskóla fyrir kynninguna.

2. 1911193 - Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk liggja fyrir 2019

Kynning á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa í Grundaskóla 2019.
Sigurður og Sigrún sitja áfram undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar Sigurði Arnari fyrir kynningu á niðurstöðum samræmdra prófa og framkvæmd lesferils í Grundaskóla.

3. 1911180 - Samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis- endurskoðun reglna um ráðstöfun fjármuna í grunnskólum

Kynning á fyrirhuguðu samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytisins og fimm sveitarfélaga.

Sigurður og Sigrún sitja áfram undir þessum lið.

4. 1911114 - Þorpið- framtíðarsýn

Forstöðumaður Þorpsins fer yfir þróunina í starfsemi frístundamiðstöðvar og starfsmannamál.

Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnarmála kemur inn á fundinn.

Valgerður Janusdóttir vísar af fundi undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar Heiðrúnu fyrir kynningu á starfi Þorpsins og stöðunni í starfsmannamálum.

Skóla- og frístundaráð óskar eftir útfærðri tillögu frá forstöðumanni varðandi breytingar á skipuriti fyrir lok janúar 2020.

5. 1906161 - Jafnréttisáætlun Akraneskaupstaðar

Jafnréttis og framkvæmdaáætlun Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar og umsagnar.

Jafnréttisstofa hefur móttakið og yfirfarið jafnréttis- og framkvæmdaáætlun Akraneskaupstaðar og metur það svo að þær uppfylli kröfur laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Skóla- og frístundaráð lýsir ánægju sinni með Jafnréttis- og framkvæmdaáætlun Akraneskaupstaðar. Ráðið leggur áherslu á mikilvægi þess að áætlanirnar séu hafðar að leiðarljósi í allri vinnu hjá Akraneskaupstað.

6. 1908194 - Þróunarsjóður skóla- og frístundasviðs haust 2019.

Seinni úthlutun úr þróunarsjóði skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2019.

Skóla- og frístundaráð samþykkir úthlutun.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Báru Dáscóttir

Sandra M. Sigmörðsdóttir

Ragnheiður Ólafsdóttir

Valgerður Friðbjörnsdóttir

Frjólfur Ólafsson